

## **22. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, 2. nóv. 1914 og laga nr. 45 s. d.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43 s. d.), skulu vera í gildi þangað til öðruvisi verður ákveðið, með þeim viðauka, að fiskiumbúðir úr striga, sem eru endursendar,

skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30. 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörotolli.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918.

#### Ástæður.

Þegar vörotollslögin voru sett 1912, var gert ráð fyrir að þau væru endurskoðuð innan ársloka 1915, en á þinginu 1915 þótti vegna ófriðarástandsins ekki tók á að setja nein skattalög til frambúðar, og voru því vörotollslögin ásamt viðaukum framlengd til ársloka 1917, og mun þá hafa verið gert ráð fyrir að fyrir þingið 1917 yrði stríðinu lokið, en þar sem svo varð ekki, virðist ekki á næsta þingi ráðlegt að taka vörotollslögin til endurskoðunar, með það fyrir augum að setja frambúðar skattalög, en hins vegar landssjóði nauðsynlegt að fá ekki minni tekjur en áður af aðfluttum vörum. Þar sem heldur ekki sýnist hægt að segja neitt um það, hvenær ástandið í heiminum kemst í það horf, að hægt sje að byggja á því framtíðartollleggjóf, hefir stjórninni þótt rjettast að hafa framlengingartímann óákveðinn, en gengur út frá því, að vörotollslögin verði tekin til endurskoðunar þegar tók þykja til.